

**Verkval**  
Miðhúsavegur 4  
600 Akureyri



28. júní 2018

**Efni: Umsögn Norðurorku vegna starfsemi fyrirhugaðrar hreinsistöðvar fyrir olíumengað vatn og innihald úr fitugildrum.**

Norðurorku hefur borist beiðni frá Verkval ehf. um umsögn vegna starfsemi hreinsistöðvar sem fyrirtækið hyggst stofna fyrir olíumengað vatn og fitu úr fitugildrum. Hreinsistöðin (Hreinsistöð Akureyrar) verður til húsa að Miðhúsavegi 4, Akureyri.

Erindið var tekið fyrir á fundi framkvæmdaráðs Norðurorku 25. júní síðastliðinn.

Framkvæmdaráð lýsir yfir ánægju sinni vegna verkefnisins enda mikilvægt að koma á ákveðnum farveg fyrir bæði olíumengað vatn og innihald úr fitugildrum.

Norðurorka gerir ekki athugasemdir við starfsemina enda verði farið að starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rekstur á olíuskiljum.

Einnig óskar Verkval eftir því að tengja umræddar gildir við fráveitu Norðurorku í brunn staðsettan við norðaustur horn lóðar sinnar.

Norðurorka samþykkir tengingu en bendir á að hafa þarf samband við þjónustuver til að sækja formlega um.

Bestu kveðjur,

*Gunnur Ýr Stefánsdóttir*  
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra